

# Aðalfundur foreldrafélags Brekkubæjarskóla 2026

Haldinn í matsal Brekkubæjarskóla á Akranesi þann 23.03.26 kl 17:30

Mætt úr stjórn foreldrafélags: Ásthildur, Erna, Helga og Ragnheiður

Fundarstjóri: Ásmundur Haraldsson aðstoðarskólastjóri

Fundarritari: Helga Björg Þrastardóttir

## **Dagskrá fundar skv fundarboði:**

- Skýrsla stjórnar (Ásthildur)
- Lagabreytingar
- Reikningar lagðir fram til samþykktar (Ragga)
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
- Stjórnarkjör
- Skýrsla fulltrúa foreldra í skólaráði
- Kosning fulltrúa í skólaráð samkvæmt starfsreglum félagsins
- Önnur mál

1. Skoðunarhringur um skólann eftir framkvæmdir undir leiðsögn Ása. Skoðuðum nýjar stofur, setustofu unglinga og aðrar breytingar eftir framkvæmdir.

2. Ási kjörinn fundarstjóri, fer yfir dagskrá.

3. Ásthildur formaður og Erna varaformaður fara yfir skýrslu stjórnar.

Fara yfir okkar störf í stjórninni.

Samráðsfundur með Heiðrúnu Janusardóttur

Fundir með starfsfólki Brekkubæjarskóla

Næsti fundur í apríl með Brúnni

Einu sinni á önn fundur með Skóla- og frístundaráði þar sem stjórnir foreldrafélaga Grunnskólanna á Akranesi eru boðaðar.

### **Skólaárið 2025-2026:**

Haustfundir, samráðsfundir, foreldrarölt, félagsgjöld, bekkjarfulltrúarfundur.

Endurvekja bekkjarstarfið. Skipuleggja viðburði 2x á önn.

Auðvelda samskipti foreldra sín á milli.

Foreldrarölt á unglingastigi. Stjórn foreldrafélagsins hefur haldið utanum að manna foreldrarölt.

Félagsgjöld innheimt 1x á skólaári 2000kr per heimili. Valfrjálst og kemur með tölvupósti.

Gáfum poolborð í ár. Gáfum Arnbjörgu, fráfarandi skólastjóra tré í kveðjugjöf sl vor.

Vorönn hófst með fund í Arnardal.

Baráttumál: Við berjumst fyrir að láta klára skólalóð. Við tölum einnig fyrir umferðaröryggi.

Bekkjafulltrúa fundir - Héldum fundi fyrir bekkjarfulltrúa. Vel mætt. Stuttir og hnitmiðaðir fundir. Í vetur vantaði bekkjarfulltrúa í 10.bekk.

Samráðsfundur með Heiðrúnu upp í þorpi. Rætt um niðurstöður barnaþings, unglingavinnuna, forvarnir og Arnardal.

Deiliskipulag: breyting á umferð um Kirkjubraut og aðgengi sjúkrabíla. Öryggismál varðandi aðkomu barna að Brekkubæjarskóla.

Höldum áfram að láta í okkur heyra varðandi það sem betur má fara. Vinnum að því að efla foreldrastarfið. Auka samstarf við skóla.

Stefnum að því að búa til betra skipulag fyrir foreldra til að vinna eftir í samráði við skólastjórnendur. T.d hafa alltaf gistinótt í 10. bekk. Hafa alltaf hitting fyrir böll.

Óskum eftir hugmyndum frá börnunum af samveru. T.d brennó hugmynd frá 6. bekk sem heppnaðist frábærlega.

Við stefnum á að breyta fyrirkomulagi foreldrarölts.

Við deilum áfram frá skólanum, td á facebook, koma með jákvæðar fréttir

#### 4. Lagabreytingar

Engar tillögur.

#### 5. Reikningar lagðir fram til samþykktar.

Ragnheiður gjaldkeri segir frá stöðunni á reikningum. Erla Ösp og Kristín eru skoðunarmenn reikninga og gefa kost á sér áfram. Það er samþykkt af fundarstjóra.

#### 6. Stjórnarkjör. Úr stjórn ganga Ragnheiður og Erna. Okkur hefur borist 3 framboð: Svandís Karlsdóttir, Einar Örn og Edda.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að þau gangi í stjórn foreldrafélagsins.

#### 7. Skólaráð. Erna fer yfir skýrslu skólaráðs. Helga og Erna hafa verið fulltrúar foreldra í skólaráði í vetur. Hittumst ca 1x í mánuði eða 2-3 á önn.

Erna fer yfir helstu áherslur sem er farið yfir á skólaráðsfundum td samþykja skóladagatal, mönnun, framkvæmdir, félagslíf. Hittum nemendaráð einu sinni á skólaárinu. Einu sinni á ári er fundað með stjórn foreldrafélagsins. Við mælum með að annar fulltrúi foreldra í skólaráði sitji einnig fundi sem áheyrnarfulltrúi í skóla- og frístundaráði Akraneskaupstaðar. Tryggir upplýsingaflæði.

#### 8. Kosning fulltrúa í skólaráð. Helga gefur áfram kost á sér. Úr skólaráði gengur Erna. Svandís býður sig fram. Samþykkt af fundarstjóra.

#### 9. Önnur mál:

- Umferðaröryggi. Afmarkaðari gönguleiðir. Leggjum til að sett verði upp betri og fleiri hraðahindranir í umhverfi skólans sem og fleiri umferðarskilti.
- Spurning berst úr sal hvort það séu tölur um neyslu barna í Brekkubæjarskóla. Elsa svarar því að það séu vísbendingar sem benda til þess að það sé neysla hjá börnum td. í gegnum vape vökva ofl.

- Við fáum frekari upplýsingar á næsta fundi Brúarinnar. Við viljum fyrirlestra og fræðslu fyrir foreldra og hvetja fólk til að mæta.
- Ási er með drög að fræðslu á næsta ári. Hann vill koma á formfastara skipulagi hvað varðar fræðslu fyrir börn og foreldra. Samfélagslögreglan kemur og fræðir um allskonar frá umferðaröryggi til áfengisneyslu, ofbeldishegðunar, vopna og forvarnarfræðsla.
- Fyrirspurn hvort það sé í “verkahring” foreldra við skólann að fjármagna búnað eða fræðslu fyrir börnin (í sambandi við árgjald foreldrafélagsins). Umræður.
- Skólastjórn er að undirbúa skipulagðari fræðslu fyrir öll skólastig 5-6 skipti yfir árið á hverju ári. Gefa foreldrum verkfæri sem á við aldur og vandamál hverju sinni.
- Öflugasta forvörn eru gott foreldrasamstarf og góð samskipti alveg frá 1.bekk.
- Reynslan sýnir að í 1.- 4. bekk eru börn oft á tíðum meðfærilegri og oftast lítið um árekstra. Á miðstigi fara vandamálin að koma fram og vont ef vandamál eru orðin stór og erfið ef foreldrar þekkjast ekki, þá er flóknara og erfiðara að takast á við þau.
- Fundi slitið.